

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

- 1.1 Vörukenni:** **Pústviðgerðarkítta 200 g**  
**Vörunúmer:** **LM2898**
- 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:**  
**Viðeigandi notkun** Þéttiefni til viðgerða á pústkerfum.  
**Notkun sem ráðið er frá** Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.
- 1.3 Söluaðili:** **Stilling ehf** **Framleiðandi:** LIQUI MOLY GmbH  
Kletthálsi 5 Jerg-Wieland Strasse 4  
110 Reykjavík D-89081 Ulm-Lehr  
Þýskaland  
**Sími:** 5208000 **00-49-731-1420-0**  
**Netfang:** [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is) **[info@liqui-moly.de](mailto:info@liqui-moly.de)**  
**Veffang:** [www.stilling.is](http://www.stilling.is) **[www.liqui-moly.de](http://www.liqui-moly.de)**
- 1.4 Neyðarsímanúmer:** Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

- 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:**  
**Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):**  
Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.
- 2.2 Merkingaratriði:**  
**Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):**  
**Hættumerki:** Engin.  
**Viðvörðunarorð:** Ekkert.  
**Hættusetningar** Engar.  
**Varnaðarsetningar** P102 Geymist þar sem börn ná ekki til
- 2.3 Aðrar hættur:** Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.  
*Sjá einnig 11. og 15. lið.* (**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

## 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

- 3.1 Efni:** Á ekki við
- 3.2 Blöndur:**

| -                                 |   |                       |   |
|-----------------------------------|---|-----------------------|---|
| Skráningarnúmer ECHA              | - | Innihald %            | - |
| Raðnúmer                          | - | Varnaðarmerki:        | - |
| EINECS, ELINECS                   | - | H-setningar           | - |
| CAS                               | - | Flokkun, hættumerking | - |
| Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP) |   |                       |   |
| -                                 |   |                       |   |

## Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

|                          |  |
|--------------------------|--|
| <b>Almennt</b>           | Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni. |
| <b>Innöndun</b>          | Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.  |
| <b>Snerting við húð</b>  | Hreinsið húð neð miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.  |
| <b>Snerting við augu</b> | Skolið varlega með miklu vatni í allnokkrar mínútur og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið strax lækni. Sýnið öryggisblaðið.   |
| <b>Inntaka</b>           | Framkallið ekki uppköst. Skolið munn vandlega með vatni. Gefið mikið vatn að drekka. Leitið strax lækni. Sýnið öryggisblaðið.  |

### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.

Einkenni: Ertung í augum. Affitar og þurrkar húð við langtímaáverkun.

### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniþörf og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

## 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

### 5.1 Slökkvibúnaður:

|                                  |  |
|----------------------------------|--|
| <b>Hentugur slökkvibúnaður:</b>  | Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða. Veljið slökkviefni með tilliti til aðstæðna hverju sinni. |
| <b>Óhentugur slökkvibúnaður:</b> | Beinn vatnsgeisli.   |

### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, nitroxíð, eitrúð niðurbrotsefni.

### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv. 13.lið.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Reykið ekki.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni svo sem sand, kísilgur eða jarðveg, eða mokið upp með handverkfærum. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

## 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri sýrum og bösum. Varan má ekki frjósa. Forðist hátt hitastig og beint sólarljós. Æskilegt geymsluhitastig: 15-30°C.

## 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

# 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

## 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

| Efni:                                | 8 klst ppm | 8 klst mg/m3 | Þakgildi 15mín ppm | Þakgildi 15mín mg/m3 | Annað |
|--------------------------------------|------------|--------------|--------------------|----------------------|-------|
| Ryk (allt ryk)                       |            | 10           |                    |                      | WEL   |
| Ryk (ryk sem berst í lungu)          |            | 4            |                    |                      | WEL   |
| Talk                                 |            | 1            |                    |                      | WEL   |
| Steintrefjar                         |            | 2 trefjar/ml |                    |                      | WEL   |
| Baríumsúlfat (allt ryk)              |            | 10           |                    |                      | WEL   |
| Baríumsúlfat (ryk sem berst í lungu) |            | 4            |                    |                      | WEL   |
| Kínagranít (ryk sem berst í lungu)   |            | 2            |                    |                      | WEL   |

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

## 8.2 Váhrifavarnir:

### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskól og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

### Persónuhlífar

#### Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

#### Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nítrilgúmmíi. (EN374, >=0,4 mm >30 mín.). Notið verndarkrem. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

#### Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggisskófátnaðar. (EN20345). (EN14387).

#### Öndunarfæri

Að jafnaði er ekki þörf á öndunarbúnaði.

# 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

## 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

|                      |                        |
|----------------------|------------------------|
| Eðlisástand:         | Vökvi, seigfljótandi   |
| Lykt:                | Engin                  |
| Litur:               | Grár                   |
| Eðlismassi við 20°C: | 1,92 g/cm <sup>3</sup> |
| Leysanleiki í vatni: | Leysanlegt að hluta    |
| Oxandi eiginleikar:  | Nei                    |

## 9.2 Aðrar upplýsingar:

# 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

## 10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

## 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Sjá einnig lið 7. Verjið gegn raka.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkar sýrur, sterkir basar, sterkir oxarar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, nituroxíð, eitruð niðurbrotsefni.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

| Talk                        |       |            |        |                              |              |
|-----------------------------|-------|------------|--------|------------------------------|--------------|
|                             | Gildi | Niðurstaða | Eining | Dýrateg/Aðferð               | Athugasemdir |
| Húðæting/erting             |       | Neikvætt   |        |                              |              |
| Alvarlegur augnskaði        |       | Neikvætt   |        |                              |              |
| Næming, húð eða öndunarfæri |       | Neikvætt   |        |                              |              |
| Stökkbreytingar kímfruma    |       | Neikvætt   |        |                              |              |
| Krabbamein                  |       | Neikvætt   |        |                              |              |
| Helstu einkenni             |       |            |        | Erting og sviði í slímhúðum. |              |

| Baríumsúlfat                |                  |            |        |  |              |
|-----------------------------|------------------|------------|--------|--|--------------|
|                             | Gildi            | Niðurstaða | Eining | Dýrateg/Aðferð   | Athugasemdir |
| Bráð eiturhrif, inntaka     | LD <sub>50</sub> | >2000      | mg/kg  | rotta  |              |
| Húðæting/erting             |                  | Neikvætt   |        |  | OECD 404     |
| Alvarlegur augnskaði        |                  | Neikvætt   |        |  | OECD 405     |
| Næming, húð eða öndunarfæri |                  | Neikvætt   |        |  |              |
| Stökkbreytingar kímfruma    |                  | Neikvætt   |        |  |              |
| Helstu einkenni             |                  |            |        | Erting og sviði í slímhúðum, truflanir á hjarta og æðakerfi. |              |

| Kínagranít                  |       |                           |        |                |              |
|-----------------------------|-------|---------------------------|--------|----------------|--------------|
|                             | Gildi | Niðurstaða                | Eining | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
| Alvarlegur augnskaði        |       | Núnings skaði hugsanlegur |        |                |              |
| Næming, húð eða öndunarfæri |       | Veldur ekki næmingu       |        |                |              |

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrif:

| Pústviðgerðarkítta 200 g |       |   |      |            |        |
|--------------------------|-------|---|------|------------|--------|
|                          | Gildi | Niðurstaða  | Tími | Dýrategund | Aðferð |
| Annað                    |       | Inniheldur engin AOX efni (lífræn efni með halogenum sem geta aðsogast) |      |            |        |

| Talk             |       |            |      |            |        |
|------------------|-------|------------|------|------------|--------|
|                  | Gildi | Niðurstaða | Tími | Dýrategund | Aðferð |
| Vatnsleysanleiki |       | <0,1%      |      |            |        |

| Baríumsúlfat     |                  |             |         |            |        |
|------------------|------------------|-------------|---------|------------|--------|
|                  | Gildi            | Niðurstaða  | Tími    | Dýrategund | Aðferð |
| Eiturhrif        | EC <sub>50</sub> | 32 mg/l     | 48 klst | Daphnia    |        |
| Vatnsleysanleiki |                  | Óleysanlegt |         |            |        |

| Kínagranít |                  |            |         |                     |        |
|------------|------------------|------------|---------|---------------------|--------|
|            | Gildi            | Niðurstaða | Tími    | Dýrategund          | Aðferð |
| Eiturhrif  | LC <sub>50</sub> | >1000 mg/l | 96 klst | Fiskar              |        |
| Eiturhrif  | EC <sub>50</sub> | >1000 mg/l |         | Daphnia             |        |
| Eiturhrif  | IC <sub>50</sub> | >1000 mg/l |         | Þörungur            |        |
| Annað      |                  |            |         | Óleysanlegt í vatni |        |

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

|                         |  |
|-------------------------|--|
| <b>Vara</b>             | Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.<br>Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:<br>08 04 09 (úrgangslím og -þéttiefni sem í eru leysar lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni) |
| <b>Óhreinar umbúðir</b> | Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hvorki skal gata, brenna eða skera í umbúðir<br>Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:<br>15 01 04 (málmumbúðir)  |

## 14. Upplýsingar um flutninga

|              |  |
|--------------|--|
| <b>ADR:</b>  | Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur. |
| <b>IMDG:</b> | Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur. |
| <b>IATA:</b> | Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur. |

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

Engar

Útgáfa/Dags: 1/08.06.2017

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

**LIQUI-MOLY GMBH**

**SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II**

**3340 AUSPUFF-REPARATUR-PASTE 200 G**

Útgáfa:

21.08.2015 Útgáfa 0010

Kemur í stað:

04.09.2014 Útgáfa 0009